

AUGLÝSING

um deiliskipulag neðan Búðavegar, Fáskrúðsfirði, Fjarðabyggð.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 20. júní 2013 deiliskipulag neðan Búðavegar á Fáskrúðsfirði.

Deiliskipulagið nær til svæðisins neðan Búðavegar að sjó, austan Búðavegar 59 og vestan Hafnargötu 41 og felur meðal annars í sér að smábátahafnarsvæði er breytt, Hafnargata er felld út, nýrri götu, Oddeyrargötu bætt inn og lóðir aðlagðar núverandi vegi neðan lóða. Eldra skipulag er jafnframt fellt úr gildi.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 13. ágúst 2013,

Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. ágúst 2013